

Nd.

25. Frumvarp

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.